

gert að skyldu, að tilbiðja verndaranda keisarans einu sinni á ári. Fjölgyðistrú fornþjóðanna stóð undir vernd þjóðfélaganna, og vilji stjórnendanna hafði áhrif á þau. Hið eina trúfrelsi, sem menn nutu, var að mega dýrka einhvern af þeim guðum, sem þjóðin alment viðurkendi.

Aldrei hafa trúarbrögðin verið eins nátengd ríkisstjórninni og í kristnum löndum á miðöldunum. Þegar Konstantínus keisari gerði kristindóminn að ríkistrú í sínu ríki, komst hann undir stjórnarvernd, sem hann síðan var undir um margar aldir. Í raun og veru mætti segja, að sum hinna kristnu ríkja á miðöldunum hafi staðið undir vernd kyrkjunnar, fremur en hún undir þeirra vernd; svo miklu valdi náði hún og svo mikil voru afskipti hennar af stjórnmálunum.

Samband ríkis og kyrkju, þar sem það enn á sér stað, er leifar eldgamals fyrirkomulags, sem komst á sitt hæsta stig á miðöldunum. Það er tiltölulega skamt síðan að menn fóru að sjá verulega galla á þessu fyrirkomulagi, og reyna að ráða bót á þeim. Það eru sérstaklega tvær hreyfingar í nútíðarlífinu, sem hafa valdið því, að menn hafa víða orðið þessu gamla fyrirkomulagi fráhverfir: fyrst og fremst trúfrelsishreyfingin, og í öðru lagi vaxandi þátt-taka almennings í stjórnmálum.

Trúfrelsi er almenn viðurkenning þess réttar einstaklingsins, að mega hafa þá trú, sem honum fellur bezt í geð. Til þess að njóta þessa frelsis fyllilega verður einstaklingurinn ekki að eins að hafa leyfi til að segja, að hann aðhyllist þessa trúarskoðun, eða sé þessari mótfallinn, heldur verður hann að vera laus við allar kvaðir og skyldur til að styðja nokkra sérstaka trúarskoðun eða kyrkju fjármunalega, ef hann ekki gerir það af eigin hvöt. Alstaðar þar sem ríkiskyrkju fyrirkomulag á sér stað, launar ríkið starfsmönnum kyrkjunnar, eða kyrkjan sjálf á arðberandi eignir. En hvort heldur sem er, skyldar ríkið þegna sína til að gjalda til einnrar sérstakrar kyrkju. Enn þá sem komið er á fullkomið trúfrelsi sér ekki stað, þar sem ríkiskyrkju fyrirkomulag er; og það er að minsta kosti vatnasamt, hvort það getur nokkurntíma átt sér stað undir því fyrirkomulagi. Trúfrelsis-